

ERINDISBRÉF

handa eftirlitsmönnum með veitingastöðum er leyfi hafa til áfengisveitinga.

1. gr.

Verksvið eftirlitsmanns með veitingastöðum sem leyfi hafa til áfengisveitinga er að gæta þess, að veitingamenn, þjónustulið og gestir á veitingastað fari í hvívetna eftir ákvæðum áfengisлага og reglugerðar um sölu og veitingar áfengis, og að veitingar og umgengni séu með menningarbrag.

2. gr.

Eftirlitsmaður skal sjá til þess að áfengi sé ekki veitt á öðrum tímum en þeim, sem ákvæði reglugerðarinnar kveða á um og með þeim takmörkunum, sem í veitingaleyfi og reglugerð greinir.

3. gr.

Eftirlitsmaður skal gæta þess, að aðeins löglegt áfengi sé haft um hönd á veitingastað.

4. gr.

Eftirlitsmaður skal, ásamt veitingamanni og þjónustuliði hans, gæta þess að gestir beri ekki með sér áfengi inn á veitingastað eða beri áfengi með sér út af veitingastað.

5. gr.

Skylt er eftirlitsmanni að gæta þess að veitingastaður fullnægi ávallt kröfum matsnefndar áfengisveitingahúsa um húsakynni, veitingar og þjónustu.

6. gr.

Eftirlitsmanni ber að fylgjast mjög nákvæmlega með því að yngri mönnum en 20 ára eða bersýnilega ölvuðum mönnum sé ekki selt, veitt eða afhent áfengi með nokkrum hætti.

7. gr.

Eftirlitsmanni ber að sjá til þess að mönnum sem greinilega eru undir áhrifum áfengis sé ekki veittur aðgangur að veitingastað. Sömuleiðis skal hann hafa eftirlit með því að mönnum er hafa í frammi drykkjulæti eða valda öðrum gestum ónæði, verði vísað af veitingastað.

8. gr.

Eftirlitsmanni ber að fylgjast með því að prentaður úrdráttur úr áfengislögum sé festur upp á áberandi stað á veitingastað. Einnig að þar liggi fram verðskrá, sem gestir eiga aðgang að, yfir verð á þeim áfengistegundum, er þar eru á boðstólum. Ennfremur verðskrá um verð á öðrum veitingum.

9. gr.

Eftirlitsmaður skal hafa umsjón með því að veitingamenn og þjónar þeirra séu hvorki undir áhrifum áfengis við störf sín né neyti áfengra drykkja á veitingastað, meðan vínveitingar fara þar fram.

10. gr.

Eftirlitsmaður skal vera stakur reglumaður á áfengi. Hann skal vera lögráða og hafa óflekkað mannorð.

11. gr.

Eftirlitsmenn teljast til opinberra starfsmanna. Um kjör þeirra gilda ákvæði kjarasamninga starfsmanna ríkisins eftir því sem við á. Um störf eftirlitsmanna að öðru leyti gilda fyriræli og starfsreglur er lögreglustjóri þeirra setur.

12. gr.

Í störfum sínum skulu eftirlitsmenn hafa nána samvinnu við lögreglustjóra og lögreglumenn, eftir því sem lögreglustjóri ákveður, og gefa honum skýrslu um störf sín. Þeir skulu halda dagbók. Í henni skulu þeir gera grein fyrir helstu atriðum varðandi störf sín, s.s. hvenær dags þeir hefja störf og ljúka störfum, tilgreina veitingastaði er þeir heimsækja, skrá aðfinnslur eða ábendingar sem þeir hafa við veitingastað eða rekstur hans o.s.frv. Ennfremur skal skrá í dagbók önnur atriði, er lögreglustjóri telur rétt að þar komi fram.

13. gr.

Nú verður eftirlitsmaður var við brot á veitingareglum og skal hann þá tafarlaust gera veitingamanni eða fulltrúa hans aðvart. Jafnframt ber honum að senda lögreglustjóra skriflega skýrslu um málið.

14. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 12. gr. áfengislaga nr. 82, 2. júlí 1969 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi fellt erindisbréf, dags. 3. mars 1955, um sama efni.

Reykjavík, 26. apríl 1991.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.

1. gr.

Rétt til greiðslu vasapeninga skv. reglugerð þessari eiga allir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem sjúkratryggðir eru hér á landi og dveljast á sjúkrastofnun í skilningi laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, enda hafi lífeyrir þeirra fallið niður sökum þess að dvölin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarna 24 mánuði.

2. gr.

Hlutaðeigandi stofnanir, sbr. 1. gr. og/eða réttshafi eftir atvikum skulu sækja um vasapeninga á eyðublöðum, sem Tryggingastofnun ríkisins lætur gera. Skulu stofnanirnar gera vistmönnum ítarlega grein fyrir þessum réttindum.

Hlutaðeigandi stofnanir skulu gera sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins grein fyrir öllum breytingum á vistun, sem haft geta áhrif á framkvæmd reglugerðarinnar tímanlega, verði því við komið, og alls ekki seinna en þegar þær eiga sér stað.